RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Bragi Bjarnason
Kt. 2504815359
Dags. 21.10.2026 10:35:32 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Daði Geir Samúelsson
Kt. 1203942749
Dags. 21.10.2026 10:36:17 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingibjörg Garðarsdóttir
Kt. 0310723289
Dags. 21.10.2026 10:36:28 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Rósa Sif Jónsdóttir
Kt. 0206774659
Dags. 21.10.2026 10:38:10 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Marta Rut Ólafsdóttir
Kt. 2508912029
Dags. 21.10.2026 10:48:24 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Brynhildur Jónsdóttir
Kt. 0807692969
Dags. 21.10.2026 10:50:42 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kjartan Björnsson
Kt. 0409654599
Dags. 21.10.2026 10:51:25 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Magnússon
Kt. 1908883559
Dags. 21.10.2026 10:52:09 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Lárus Jónsson
Kt. 2811784079
Dags. 21.10.2026 10:55:46 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Björk Ólafsdóttir
Kt. 2310725949
Dags. 21.10.2026 11:08:14 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Andrés Bertelsen
Kt. 0209755049
Dags. 21.10.2026 11:16:14 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigríður Ósk Harðardóttir
Kt. 2306813849
Dags. 21.10.2026 11:24:08 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Bjarnason
Kt. 2501932629
Dags. 21.10.2026 11:27:27 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Linda Björk Hilmarsdóttir
Kt. 1607862219
Dags. 21.10.2026 11:29:21 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Matthías Bjarnason
Kt. 0905003330
Dags. 21.10.2026 11:38:55 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir
Kt. 1205724669
Dags. 21.10.2026 12:25:01 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Birgitta Ragnarsdóttir
Kt. 2204892219
Dags. 21.10.2026 13:06:51 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Ægir Birgisson
Kt. 1202983059
Dags. 21.10.2026 16:36:01 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heiðrún Kristmundsdóttir
Kt. 1307922519
Dags. 21.10.2026 16:36:25 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Eiríksson
Kt. 0809664589
Dags. 21.10.2026 20:47:19 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Stefanía Hákonardóttir
Kt. 2808902279
Dags. 21.10.2026 22:31:12 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ellý Tómasdóttir
Kt. 1706892329
Dags. 26.10.2026 12:40:49 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Birgir Marteinsson
Kt. 2212873399
Dags. 26.10.2026 12:48:04 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Grétar Ingi Erlendsson
Kt. 2111832259
Dags. 26.10.2026 15:54:48 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Kt. 2108022310
Dags. 26.10.2026 17:04:03 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Haraldur Þór Jónsson
Kt. 2705765089
Dags. 26.10.2026 17:52:35 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Páll Kristinsson
Kt. 0211715499
Dags. 27.10.2026 11:51:19 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingimar Guðmundsson
Kt. 2108942929
Dags. 27.10.2026 13:23:51 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Finnbogason
Kt. 1702813659
Dags. 27.10.2026 16:09:32 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gestur Þór Kristjánsson
Kt. 1611724059
Dags. 27.10.2026 11:08:41 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Berglind Friðriksdóttir
Kt. 2707882389
Dags. 27.10.2026 21:24:30 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

# Héraðsnefnd Árnesinga bs.

## 38. fundur – haustfundur, haldinn í Tryggvaskála á Selfossi, 29. september 2026

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga bs. er haldinn í Tryggvaskála á Selfossi þriðjudaginn 29. september 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Einnig sitja fundinn Lárus Kristinn Guðmundsson, settur slökkviliðsstjóri, Unna Björg Ögmundsdóttir, starfsmaður Brunavarna Árnessýslu, og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, lögmaður.

1. **Fundarsetning**

   Bragi Bjarnason, formaður Héraðsnefndar Árnesinga bs., setur fundinn kl. 8:35 og býður fulltrúa velkomna. Kannar hann lögmæti fundar og telst löglega til hans boðað og ekki gerðar athugasemdir við útsend fundargögn. Segir hann frá uppbyggingu Héraðsnefndar Árnesinga og þeim breytingum sem hafa orðið á nefndinni á síðustu árum. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. **Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs**

   Bragi segir frá því að stjórnin hafi fundað óformlega í upphafi kjörtímabils en fyrsti formlegi fundur nefndarinnar var haldinn 28. september sl. Rætt var um eignir og samninga sem hafa verið gerðir og fylgja nefndinni áfram þó að breyting hafi orðið á hlutverki nefndarinnar.

3. **Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar**

   Bragi Bjarnason formaður fer yfir aukaaðalfundargerðir nr. 36 frá 14. apríl og nr. 37 frá 29. júní. Fundargerðir eru lagðar fram til kynningar.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir lögmaður tekur til máls og ræðir þær breytingar sem hafa verið gerðar á skipulagi Héraðsnefndar og stofnunum sem þar voru undir. Nýlega voru birtar samþykktir safnanna í B-deild Stjórnartíðinda en eftir á að fá birtingu á samþykktum Héraðsnefndar en það mun verða á næstu dögum.

Bragi fer yfir fundargerð stjórnar frá 28. september og er hún lögð fram til kynningar.

**4. Almannavarnanefnd Árnessýslu**

Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir taka við og fara yfir málefni Almannavarnarnefndar Árnessýslu.

1) *Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar*
   Lárus fer yfir 1. fundargerð framkvæmdaráðs frá 28. september og fundargerð almannavarnarnefndar frá 18. september.
   Lárus segir frá uppbyggingu almannavarnarnefndar Árnessýslu, hverjir koma að nefndinni og hvert hlutverk nefndarinnar er. Einnig segir hann frá starfsmanni, Bjarka Oddssyni, sem er sameiginlegur starfsmaður með lögreglunni. Hann sinnir ýmsum verkefnum og er meðal annars að vinna að áætlunum um gróðurelda og jarðskjálfta.

2) *Fjárhagsáætlun 2027*
   Lárus kynnir fjárhagsáætlun fyrir almannavarnarnefnd Árnessýslu 2027 og skiptingu á sveitarfélögin. Framlag til starfsmanns sem er sameiginlegur með lögreglunni.

   Segir hann frá því að aðgerðarstjórnstöð Almannavarna Árnessýslu sé til húsa í slökkviliðsstöðinni á Selfossi. Fyrirhugað er að halda gróðureldaæfingu fyrir fulltrúa til að sjá hvort að allar boðleiðir séu að virka. Eins á að halda fund með lögreglustjóra og sveitarstjórnum til að kynna almannavarnarkerfið fyrir þeim aðilum sem koma að verkefnum þegar vá ber að.
   Það þarf að fara að endurnýja stjórntæki á næstunni. Almannavarnanefnd á eigið fé sem gæti nýst til þessarar endurnýjunar.

   Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

   Fjárhagsáætlun 2027 almannavarna er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**5. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnessýslu 2027**

Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður fer yfir fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnessýslu 2027.

| Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga 2027<br>Lögð fram til samþykktar á haustfundi 29. september 2026 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Áætlun 2026 | Áætlun 2026 m/viðauka | Hlutfall af framlögum | Áætlun 2027 | Hlutfall af framlögum | Hlutfallsleg breyting milli ára |
| **Tekjur :** | | | | | | |
| Framlög sveitarfélaga | 336.150.000 | 287.150.000 | | 54.350.000 | | -83,83% |
| **Samtals framlög sveitarfélaga** | **336.150.000** | **287.150.000** | | **54.350.000** | | **-83,83%** |
| | | | | | | |
| **Gjöld :** | | | | | | |
| Byggðasafn Árnesinga | 93.300.000 | 93.300.000 | 32,5% | | | |
| Héraðsskjalasafn Árnesinga | 62.000.000 | 62.000.000 | 21,6% | | | |
| Listasafn Árnesinga | 62.500.000 | 62.500.000 | 21,8% | | | |
| Listasafn Árnesinga v/þakviðgerða | 60.000.000 | 11.000.000 | 3,8% | | | |
| Stjórnun, annað og ófyrirséð | 16.000.000 | 16.000.000 | 5,6% | 9.000.000 | 16,6% | -43,75% |
| Lánasjóður Sveitarfélaga - afborgun v/FSU lán | 34.500.000 | 34.500.000 | 12,0% | 37.500.000 | 69,0% | 8,70% |
| FSU vegna FabLab | 6.000.000 | 6.000.000 | 2,1% | 6.000.000 | 11,0% | 0,00% |
| Fastir styrkir | 1.850.000 | 1.850.000 | 0,6% | 1.850.000 | 3,4% | 0,00% |
| **Samtals gjöld** | **336.150.000** | **287.150.000** | **100,0%** | **54.350.000** | **100,0%** | **-81,07%** |
| | | | | | | |
| **Sundurliðun - fastir styrkir** | | | | | | |
| HSK | 1.250.000 | 1.250.000 | 67,6% | 1.250.000 | 67,6% | 0% |
| SSK | 300.000 | 300.000 | 16,2% | 300.000 | 16,2% | 0% |
| Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu | 300.000 | 300.000 | 16,2% | 300.000 | 16,2% | 0% |
| **Samtals** | **1.850.000** | **1.850.000** | **100,0%** | **1.850.000** | **100,0%** | **0%** |

Formaður gefur orðið laust, til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson, Árni Magnússon, Sveinn Ægir Birgisson, Brynhildur Jónsdóttir, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Jón Bjarnason.

Stjórn þarf að skoða hvaða lausn er hagstæðust í sambandi við bókhaldsmálin. Á að vera áfram inni hjá Árborg eða fara í aðrar lausnir?

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnessýslu 2027 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**6. Eignir Héraðsnefndar**

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir lögmaður kynnir og fer yfir stöðu mála vegna eigna Héraðsnefndar Árnesinga.

Héraðsnefnd Árnesinga bs. fer með eignarhald ýmissa fasteigna. Í nýjum samþykktum byggðasamlagsins er gert ráð fyrir því að byggðasamlagið fari áfram með umsjá og umsýslu þessara eigna fyrir hönd sveitarfélaganna, en að stjórn byggðasamlagsins skuli hlutast til um að láta meta eignirnar og gera tillögur til aðildarsveitarfélaganna um ráðstöfun þeirra.

Fundarstjóri gefur orðið laust, til máls taka auk formanns Daði Geir Samúelsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Helgi Kjartansson.

Fundurinn samþykkir samhljóða að fela nýrri stjórn að halda áfram vinnu við yfirferð á eignasafni Héraðsnefndar Árnesinga, kanna hvort og hvernig er best að ráðstafa þeim og leggja tillögur þar um fyrir aðal- eða aukaaðalfund byggðasamlagsins. Stefnt skuli að því að fyrstu tillögur verði lagðar fyrir vorfund 2027.

**7. Önnur mál.**

Formaður leggur fram tillögu eftirfarandi stjórnar Héraðsnefndar Árnesinga við verklag um meðferð fjármuna byggðasamlaga.

**Tillaga fyrir haustfund Héraðsnefndar Árnesinga 29.september 2026**

**Verklag um meðferð fjármuna byggðasamlaga**

*Lagt er til við haustfund Héraðsnefndar Árnesinga að fundurinn hvetji stjórnir þeirra byggðasamlaga sem eru starfandi í samstarfi sveitarfélaga innan Héraðsnefndar um að setja sér verklag um meðferð fjármuna.*

*Er þar horft til að samræmi sé milli byggðasamlaga, þegar stofnað er til kostnaðar, reikningar samþykktir og bókun þeirra í bókhaldskerfi.*

*Markmiðið er að bæði stjórn og starfsmenn séu með gagnsæjan og skýran verkferil sem geri starf þeirra skilvirkara og öruggara.*

*Stjórn Héraðsnefndar Árnesinga*

Tillagan er lögð fram til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

Formaður gefur orðið laust, til máls taka auk formanns Grétar Ingi Erlendsson, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Kjartan Björnsson.

Fundi slitið kl. 9:40

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Linda Björk Hilmarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigríður Ósk Harðardóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Matthías Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Margrét Björk Ólafsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Árni Magnússon, Sveitarfélagið Árborg
Heiðrún Kristmundsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Birgir Marteinsson, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Stefanía Hákonardóttir, Bláskógarbyggð
Guðmundur Finnbogason, Grímsnes- og Grafningshreppur
Andrés Bertelsen, Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Ingimar Guðmundsson, Hveragerðisbær
Lárus Jónsson, Hveragerðisbær
Marta Rut Ólafsdóttir, Hveragerðisbær
Birgitta Ragnarsdóttir, Hveragerðisbær
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Berglind Friðriksdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari